

Fundargerð skólaráðsfundar 21. september 2026

Mættir:

Bylgja Baldursdóttir skólastjóri, Elsa Marta Ægisdóttir fulltrúi foreldrafélagsins, Konný Hrund Gunnarsdóttir og Sindri Lars Ómarsson fulltrúar kennara, Guðlaug Stefanía Gunnarsdóttir fulltrúi almenns starfsfólks og Gweyna Trú Soliwoa Ólafsdóttir og Jana Margrét Sæmundsdóttir fulltrúar nemenda.

1.mál- Farið yfir handbók um Skólaráð og starfsáætlun skólaársins

Farið var yfir handbók um skólaráð og starfsáætlun skólaársins. Rætt var um næstu fundi og voru dagsetningar funda skólaársins samþykktar.

Fundir skólaráðs verða kl. 09:00 þann 2. nóvember, 18. janúar, 8. mars og 24. maí.

2.mál- Sjálfsmat Sandgerðisskóla

Farið var yfir niðurstöður Skólapúlsins í 2. til 10. bekk. Niðurstöðurnar sýndu hvað gengur vel í skólastarfinu og hverjar helstu áskoranirnar eru.

3.mál- Starfsáætlun Sandgerðisskóla

Rætt var um starfsáætlun skólans og hvernig fjármálum skólans er háttað.

4.mál- Upplýsingar um starfið

Rætt var um endurmenntun, matsferil og MMS. Sandgerðisskóli er UNESCO-skóli og verða þrjú aðalmarkmið tekin fyrir á skólaárinu. Einnig var rætt um hlutverk og ábyrgð starfsfólks innan skólans.

5.mál- Foreldrafélagið

Foreldrafélagið hefur tekið þátt í að efla samveru nemenda í frímínútum í kjölfar Símafriðs með styrkjum til kaupa á borðtennisborði og football-borði. Foreldrafélagið mun funda bráðlega og mögulega verður ný stjórn kjörin. Á næstu vikum verður einnig fyrirlestur fyrir nemendur á vegum foreldrafélagsins.

6.mál- Nemendaráðið

Nemendaráðið hefur hafið skólaárið af krafti og staðið fyrir ýmsum skemmtilegum verkefnum í upphafi skólaárs. Nemendaráðið hefur einnig innleitt hugmyndakassa og mun fara í bekki á næstunni til að kynna verkefnið.

Á næstu misserum verður Bleiki dagurinn haldinn og hyggst nemendaráðið standa fyrir söfnun til styrktar börnum með krabbamein.

9.mál- Önnur mál

Farið var yfir að nemendur fá áfram gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Einnig var rætt um Fyrirmyndaverkefni Suðurnesjabæjar.